




Ljósmynd: Hörður Kristjánsson

Vetrarkvíðastör (*Carex chordorrhiza*)




Vetrarkvíðastör ber mörg nöfn s.s. snjónál, gulnefja, klógresi eða snjógras. Plantan vex í blautum flóum og er algeng um allt land. Þegar líður á sumarið myndar vetrarkvíðastörin langar ofanjarðarrengrur, sem liggja ofan á grasinu, og nefnast vetrarkvíði. Það var áður fyrr talið vita á langan og erfiðan vetur.

The creeping sedge or string sedge is a species of perennial plant. The distribution is circumpolar in boreal and subarctic areas.




Ljósmynd: Hörður Kristjánsson

Fergin (*Equisetum fluviatile*)



Fergin eða tjarnelfting er af elftingarætt. Það vex í vel blautum flóum, tjörnum, í síkjum eða lygnum vatnsfarvegum. Þar myndar það oft samfelldar breiður og verður mjög hávaxið en í mýrum vex það jafnan strjált innan um annan gróður og er þar lágvaxnara. Fergin vex víða um land frá láglandi upp í um 650 m hæð.

The water horsetail (swamp horsetail) is a perennial plant that commonly grows in dense colonies along freshwater shorelines, in shallow water, ponds or still waters with mud bottoms.



Ljósmynd: Helgi Hallgrímsson. Teikningar: Jón Baldur Hilöberg.

Lófótur (*Hippuris vulgaris*)



Lófótur er vatnajurt, vex í tjarnavikum og vatnssíkjum, og getur þakið stór svæði í grunnum tjörnum. Hæð stöngulsins fer eftir vatnsdýpinu og getur verið 20-70 cm hár. Lófótur blómgast í júlí og eru blómin örsmá. Hann er algengur um allt land, þó fátíður á hálendinu og varla ofan 600 m hæðar.

The common mare's tail is a creeping, perennial herb, found in shallow waters and mud flats. It roots underwater but most of its leaves are above the water surface. It blooms in July.

